


HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Bolungarvík 16. apríl 2012

Umhverfisstofnun
Kristján Geirsson
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Umsögn um drög að starfsleyfistillögu fyrir Dýrfisk ehf. og nýtingar á svæði í Dýrafirði.

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunnar dagsett 26. mars 2012 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða um drög að starfsleyfistillögu Dýrfisks ehf. um sjókvíeldi í Dýrafirði.

Tvö fiskeldisleyfi allt að 200 tonnum eru í gildi í Dýrafirði:


1. Sjávareldi ehf. Staðsetning 65°52.510'N – 23°28.653'V
2. Líf ehf. Staðsetning 65°51.630'N – 23°24.702'V

Ferðaþjónusta á Vestfjörðum vex jafnt og þétt og er til að mynda boðið uppá ferðir með Víkingaskipinu Vésteini yfir sumarið. Smábátaleiga og sjóstangaveiði hefur verið að ryðja sér til rúms og er því mikilvægt að **tillit sé tekið til þeirra yfir háannatíma ferðamanna.**

Skipulag sveitarfélaga nær einungis út að skilgreindum mörkum netalagna. Mjög brýnt er að skipulag sveitafélaga verði útvíkkað þannig að það nái líka yfir þá starfsemi sem fram fer á landgrunninu. Eins og sést eru fjölpættir hagsmunir þar í húfi alveg eins og á þurru landi. Sveitafélög verða að geta útteilt lóðum og afmarkað svæði til sérstakra nota. Meðan ekkert skipulag er á nýtingu þeirra gæða sem finnast á landgrunninu þá gildir að allir verða að taka tillit til þeirrar starfsemi sem fyrir er.

Í sama bréfi var talað um að umsóknargögn hafi verið send rafrænt á tölvupóstfang en það pósthfang tilheyrir okkur ekki lengur. Ágætt væri ef hægt sé að uppfæra tölvupóstfang okkar í eftirlit@snerpa.is eða antonh@snerpa.is.

Virðingarfyllst


Hlynur Ragnisson
Heilbrigðisfulltrúi